



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

# Ársskýrsla 2016

Samantekt um árið 2016  
og starfsáætlun fyrir árið 2017



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Kennitala 511199-2049  
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður  
Heimasíða [frmst.is](http://frmst.is)  
Netfang [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is)

Forsíðumyndin sýnir forsíðu Námsvísis  
Fræðslumiðstöðvarinnar 2016-2017

Ársskýrsla 2016 og starfsáætlun 2017  
Apríl 2017



## Efnisyfirlit

<b>1. Formáli</b>	<b>4</b>
<b>2 Yfirstjórn og starfsfólk</b>	<b>4</b>
2.1 Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	4
2.2 Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	5
2.3 Fulltrúar í öðrum stofnunum	5
2.4 Starfsfólk	5
2.5 Húsnæði og búnaður	6
<b>3 Samantekt um starfsemina árið 2016</b>	<b>7</b>
3.1 Markmið í starfsáætlun 2016	7
3.2 Sí- og endurmenntun	8
3.3 Náms- og starfsráðgjöf	9
3.4 Raunfærnimat	10
3.5 Frístundafiskimenn	10
3.6 Próftaka og samstarf við aðra	11
3.7 Greining fræðsluþarfa (MARKVISS)	11
3.8 Gæðamál	11
3.9 Nýsköpun og þróun	11
3.10 Sjávarútvegsskóli Ísafjarðar	11
3.11 Áttin	12
3.12 Fjárhagsleg afkoma	13
<b>4 Áætlun um rekstur og breytingar á efnahag ásamt starfaáætlun fyrir árið 2017 ...</b>	<b>15</b>
4.1 Starfsmarkmið fyrir árið 2017	15
4.2 Fjárhagsáætlun	15
4.3 Framhaldsfræðsla	17
4.3.1 Vottaðar námsleiðir	17
4.3.2 Náms- og starfsráðgjöf	17
4.3.3 Raunfærnimat	17
4.4 Íslenska fyrir útlendinga	18
4.5 Samstarf við Fjölmenn	18
4.6 Þróunarverkefni	18
4.7 Fræðslugreiningar	18
4.8 Önnur starfsemi	18
4.9 Samstarf	19
4.10 Lokaorð	19
<b>5 Myndræn framsetning</b>	<b>20</b>



## 1. Formáli

Samantekt þessi er 17. ársskýrsla Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og lýsir starfsemi á árinu 2016. Markmið með skýrslunni er að gefa öllum þeim sem starfa við miðstöðina eða tengjast henni með beinum eða óbeinum hætti, sem raunsannasta mynd af starfinu. Skýrslunni er einnig ætlað að varðveita upplýsingar fyrir þá sem vildu kynna sér sögu miðstöðvarinnar síðar meir. Samantektinni fylgir starfsáætlun fyrir árið 2017 sem samþykkt var á stjórnarfundum 27. febrúar 2017.

## 2 Yfirstjórn og starfsfólk

### 2.1 Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnanda miðstöðvarinnar og einum til vara.

Fulltrúaráðið var þannig skipað árið 2016.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Neil Shiran K. Þórisson</i>	<i>Aðalsteinn Óskarsson</i>
Bygðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	<i>Sif Huld Albertsdóttir</i>	<i>Aðalstein Óskarsson</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Gabríela Aðalbjörnsdóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórförðungssamband Vestfirðinga	<i>Baldur Smári Einarsson</i>	<i>Áslaug B. Guttormsdóttir</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Jón Reynir Sigurvinsson</i>	<i>Hildur Halldórsdóttir</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Nancy Bechtloff</i>	<i>Hulda Birna Albertsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>	<i>Sigurður Viggósson</i>

Formaður fulltrúaráðsins var *Gabríela Aðalbjörnsdóttir* og varaformaður *Sif Huld Albertsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2016 var haldinn mánudaginn 4. maí 2016.



## 2.2 Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða skipa 5 manns.

Á aðalfundi 4. maí 2016 voru kjörin til tveggja ára:

**Arnheiður Jónsdóttir**. Varamaður hennar **Margrét Jómundsdóttir**.

**Kristján G. Jóhannsson**. Varamaður hans **Einar Valur Kristjánsson**.

**Nancy Bechtloff**. Varamaður hennar **Neil Shiran K. Þórisson**.

Aðrir í stjórn voru:

**Jón Reynir Sigurvinnson**, tilnefndur af MÍ. Varamaður hans **Hildur Halldórsdóttir**.

**Gabríela Aðalbjörnsdóttir** formaður fulltrúaráðs. Varamaður hennar **Sif Huld Albertsdóttir** varaformaður fulltrúaráðs.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Jón Reynir var kjörinn formaður.

Á milli aðalfunda 2016 og 2017 hefur stjórnin haldið 11 bókaða fundi.

Endurskoðandi var kjörinn Guðmundur E. Kjartansson eins og verið hefur.

## 2.3 Fulltrúar í öðrum stofnunum

Á stjórnarfundum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða miðvikudaginn 22. apríl 2015 voru eftirtaldir kjörnir fulltrúar Fræðslumiðstöðvarinnar á aðalfund fulltrúaráðs Háskólaseturs Vestfjarða og á ársfund Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

### Háskólasetur Vestfjarða

Aðalmaður Dagný Sveinbjörnsdóttir og varamaður Smári Haraldsson.

### Starfsendurhæfing Vestfjarða

Aðalmaður Sólveig Bessa Magnúsdóttir og varamaður Þuríður Sigurðardóttir.

### Vestfirðir á miðöldum

Smári Haraldsson forstöðumaður hefur setið aðalfundi Vestfjarða á miðöldum.

### Vinumarkaðssráð

Aðalmaður Smári Haraldsson og varamaður Þuríður Sigurðardóttir.

## 2.4 Starfsfólk

Hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða voru 8 fastir starfsmenn í árslok 2016 í um 5,75 stöðugildum. Þeir voru:

- **Smári Haraldsson** forstöðumaður í 100% starfi.
- **Anna Vilborg Rúnarsdóttir** verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði. Starfshlutfall 50%. Anna Vilborg lét af störfum 1. júní 2016.
- **Elzbieta Pawluzuk** sér um ræstingar. Starfshlutfall um 25%.



- **Emilía Dagný Sveinbjörnsdóttir** sér einkum um gæðamál, nemendabókhald og rekstur námskeiða en sinnir jafnframt ýmsum öðrum verkefnum. Starfshlutfall 50%.
- **Eva Dögg Jóhannesdóttir** verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði. Starfshlutfall 100%. Eva Dögg hóf störf 15. ágúst 2016.
- **Guðbjörn Páll Sölvason** sér um skipstjórnarnám og þróunarverkefni. Starfshlutfall 100% (þar af hlutastarf við Menntaskólann á Ísafirði).
- **Ingibjörg Benediktsdóttir** verkefnastjóri á Ströndum og Reykhólahreppi. Starfshlutfall 50%. Ingibjörg lét af störfum 1. september 2016.
- **Sigurborg Þorkelsdóttir** sér um raunfærnimat, sinnir kynningum hjá fyrirtækjum og stofnunum og MARKVISS ráðgjöf. Starfshlutfall 50%.
- **Sólveig Bessa Magnúsdóttir** hefur umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða og námi fyrir þá sem þurfa meiri stuðning auk ýmissa annarra verkefna. Starfshlutfall 50%.
- **Puríður Sigurðardóttir** sér um bókhald, útgáfu reikninga og sinnir auk þess ýmsum öðrum verkefnum. Starfshlutfall 100%.

Fjöldi starfsmanna og stöðugilda frá árinu 2000 sést á 1. mynd.

Verkefna- og skammtímaráðning:

- **Björn Hafberg** vann við náms- og starfsráðgjöf á öllum Vestfjörðum, auk þess að kenna á nokkrum námskeiðum. Starfshlutfall um 40%.

Kennslustundafjöldi á árinu 2016 var 3.147 (3.032 árið 2015), sem samsvarar um 3,3 stöðugildum kennara við framhaldsskóla. Fræðslumiðstöðin hefur þannig útvegað um 9 stöðugildi á árinu 2016.

Kennarar voru 64. Verktakagreiðslur (verktakalaun) til kennara og ráðgjafa voru rúmar 18 mkr. 2016, en um 26 m. kr. árið 2015.

## 2.5 Húsnæði og búnaður

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er með starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum. Á Ísafirði leigir miðstöðin rúmlega 300 m<sup>2</sup> húsnæði af Vestra ehf. á 1. hæð að Suðurgötu 12. Á árinu sagði miðstöðin upp um 30 m<sup>2</sup> hjá Vestra. Á Patreksfirði hefur miðstöðin aðstöðu í Þekkingarsetrinu Skor. Á Hólmavík leigir Fræðslumiðstöðin um 25 m<sup>2</sup> í Þróunarsetrinu Hnyðju. Þá er Fræðslumiðstöðin með fjarfundabúnað í Skrímslasetrinu á Bíldudal og fær þar aðstöðu til kennslu og fundahalda.

Fræðslumiðstöðin er allvel tækjum búin. Hún átti í árslok 2016 skrifstofuhúsgögn fyrir 9 starfsmenn, 1 fjarfundabúnað, 4 borðtölvur með fjarfunda hugbúnaði, 18 nothæfar fartölvur, 16 borðtölvur, 4 skjávarpa, 4 sjónvörp, tvo laserprentara, 6 bleksprautuprentara og hefur eina ljósritunarvél á leigu. Tölvubúnaður er nokkuð kominn til ára sinna og þarfnast líklega endurnýjunar á næstu árum.



### 3 Samantekt um starfsemina árið 2016

#### 3.1 Markmið í starfsáætlun 2016

Í starfsáætlun fyrir árið 2016 setti Fræðslumiðstöð Vestfjarða sér að ná ákveðnum markmiðum í starfsemi sinni. Markmiðin og árangurinn er sýndur í meðfylgjandi töflu (1. tafla).

1. tafla. Markmið og árangur 2016.

Verkþættir	Markmið	Árangur
Fjöldi nemendastunda í vottuðum námsleiðum, íslensku fyrir útlendinga og námi í samstarfi við Fjölmennt	≥19.000	15.783
Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða	≥10.000	9.208
Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða	≥3.000	1.260
Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum	≥1.000	360
Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi	≥5.000	4.955
Fjöldi nemendastunda í öðru námi	≥9.500	12.860
Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða	≥7.500	7.768
Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða	≥1.000	2.183
Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum	≥500	1.144
Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi	≥500	1.765
Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa verði	≥400	403
Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati sem teknar verða hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða verði (þátttakendur verði frá öllum svæðum Vestfjarða).	≥165	176
Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati sem teknar verða hjá öðrum fræðsluaðilum verði	≥500	436
Fjöldi útseldra klukkustunda í fræðslugreiningum (MARKVISS) verði	≥150	145
Fræðslumiðstöð Vestfjarða verði leiðandi aðili í að minnsta kosti einu þróunarverkefni.	≥1	0

Heildar markmið náðust nokkuð vel, þótt ekki næðust öll undirmarkmið.

Nemendastundir í vottuðum námsleiðum og íslensku voru nokkru færri en áætlað var. Stafar það af færri nemendum í hópum. Í vottaðar námsleiðir virðist vera sífellt erfiðara að ná til fólks og meðalhópa fjöldi í íslensku fyrir útlendinga hefur lækkað nokkuð frá því sem áður var, einkum vegna þess að nú er greitt sama og fyrir 10 þátttakendur á strjálbýlum svæðum þótt þeir séu allt niður í 6.

Kennsla vottaðra námsleiða og íslensku fyrir útlendinga á Suðursvæði og Reykhólum og Ströndum var mun minni er gert var ráð fyrir, en þátttaka í öðru námi meiri en áætlað var. Ef til vill er hér um að ræða eðlilegar sveiflur vegna færri íbúa en á Norðursvæðinu.





### 3.2 Sí- og endurmenntun

Á árinu 2016 voru kenndar 3.147 stundir á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar (3.032 árið 2015). Hver kennslustund er 40 mínútur (2. mynd).

Námið skiptist þannig að í flokknum *almenn námskeið*, sem felur í sér tómsundanám og endurmenntun, voru 617 kennslustundir eða 19,6% (voru 487 árið 2015 eða 16,1%), í *réttindanámi* voru 696 kest. eða 22,1% (695 – 22,9%), í *íslensku fyrir útlendinga* voru 570 kest. eða 18,1% (510 – 16,8%) og í *vottuðu námi* voru 1.174 kest. eða 37,3% (1.241 – 40,9%). Í öðru námi (kennsla fyrir fatlaða) voru 90 kest eða 2,9% (99 – 3,3%). Undir vottað nám falla námsskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og annað vottað nám (3. mynd).

Árið 2016 voru nám og námskeið samtals 28.643 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldaður með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 28.709 árið 2015. Er þetta því nokkuð svipað á milli ára. Á 4. mynd er sýndur fjöldi nemendastunda árin 2000 – 2016. Tölurnar fara hækkandi allt fram til ársins 2011, en hafa farið lækkandi síðan. Árið 2011 sker sig að vísu nokkur úr, vegna aðstæðna sem þá voru uppi, en metin í fjölda nemendastunda hefur starfsemin verið að dragast saman síðast liðin ár (4. mynd).

Á 5. mynd er sýndur fjöldi nemendastunda í fjórum meginflokkum náms, þ.e. almenn námskeið, réttindanámi, íslenska fyrir útlendinga og vottað nám á árunum 2010 – 2016.

Hlutfallsleg skipting nemendastunda í hinum fjórum meginflokkum árin 2010 – 2016 er sýnd á 6. mynd. Myndirnar eru svipaðar öll árin, nema vottað nám dregst enn saman. Er það vegna minna framlags til þessa flokks.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hóf kennslu vottaðra námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2007. Fjöldi nemendastunda óx jafnt og þétt til ársins 2011, en hefur farið lækkandi síðan (7. mynd). Sama þróun hefur verið í vottuðu námi um allt land.

Þátttakendur í námi árið 2016 skiptust í 103 námshópa, sem er svipað frá fyrri árum (8. mynd). Ekki er alltaf einhlýtt hvernig skipta skuli þátttakendum í hópa og verður að hafa það í huga þegar dregnar eru ályktanir af þessum tölum. Á 2. töflu er sýndur fjöldi hópa í helstu flokkum náms árin 2010 – 2016.

2. tafla. Fjöldi hópa í helstu flokkum náms árin 2010 – 2016.

Flokkur náms	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Almenn námskeið	65	52	51	48	50	38	49
Réttindanámi	13	10	5	7	10	8	10
Íslenska fyrir útlendinga	12	16	15	14	21	16	19
Vottað nám	15	16	27	22	16	18	16
Annað nám	9	12	18	15	6	9	9
<b>Alls</b>	<b>114</b>	<b>106</b>	<b>116</b>	<b>106</b>	<b>103</b>	<b>89</b>	<b>103</b>

Að meðaltali voru 10 þátttakendur í hverjum hópi sem er svipað og undanfarin ár (9. mynd).

Nemendastundum í íslensku fyrir útlendinga hafði fækkað nokkuð jafnt síðan árið 2006. Fjöldi þátttakenda í íslensku fyrir útlendinga sýnir sömu sveiflur og fjöldi nemendastunda (11. mynd).





Samanlagður fjöldi þátttakenda á öllum námskeiðum árið 2016 var 1.020 eða 14,5% af íbúafjölda Vestfjarða utan póstnúmers 500 (866 eða 12,6% árið 2015). Samanlagður fjöldi þátttakenda á hverju ári, frá 2000 til 2016 er sýndur á 12. mynd.

Dreifing þátttakenda eftir póstnúmerum er sýnd á 13. og 14. mynd. Þátttakendur voru flestir frá Ísafirði og Hnífsdal (samanlagður fjöldi 528), og langflestir hlutfallslega líka þaðan.

Alls komu 786 einstaklingar (748 árið 2015) við sögu í námi hjá Fræðslumiðstöðinni árið 2016 (voru skráðir og hófu nám) og er það um 11,4% af íbúafjölda Vestfjarða 1. janúar 2017.

Sé Vestfjörðum skipt í 3 svæði eftir samgöngum sést að hlutfallsleg þátttaka var svipuð á norðursvæði og Ströndum og Reykhólum en minni á suðursvæði. Á Reykhólum var stór hópur sem tók námsleiðina Meðferð matvæla og einnig voru haldin námskeið í framhaldi af Markviss greiningu. Fjöldi þátttakenda sem hlutfall af íbúafjölda árin 2012 – 2016 er sýndur á 15. mynd.

Hlutfallslega aldursdreifingu þátttakenda má sjá á 16. mynd, ásamt meðaltali árána 2003 - 2016. Eins og áður voru flestir á aldursbilinu 55 – 64 ára, en árinu áður var það aldurshópurinn 45 – 54 ára sem var fjölmennastur. Einnig hefur hlutfallslega fjölgað í yngri hópnum, einkum fólki yngra en 25 ára. Ein skýring á fjölgun í yngsta aldurshópnum er að nemendur Grunnskólans á Ísafirði var boðið upp á smáskipanám sem endranær og Sjávarútvegsskóla sem var nýlunda og verður vonandi áfram. Alls voru þetta 38 nemendur sem tóku þátt af 149 í þessum aldurshópi.

Karlar voru samtals 337 (33,0% (32,8% árið 2015)) og konur 683 (67,0% (67,2% árið 2015)), ath. að hver einstaklingur getur verið talinn oftari en einu sinni hafi hann sótt fleiri en eitt námskeið. Á árunum 2001 – 2016 voru karlar að meðaltali um 33% þátttakenda og konur um 67% og breytist lítið. Á 17. mynd er sýndur fjöldi karla og kvenna í námi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001 – 2016.

### 3.3 Náms- og starfsráðgjöf

Fræðslusjóður framhaldsfræðslunnar veitir styrki til náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast deilingu fjáris og eftirlit með ráðgjöfinni fyrir hönd Fræðslusjóðs. Björn Hafberg náms- og starfsráðgjafi hefur einkum unnið að ráðgjöfinni fyrir Fræðslumiðstöðina frá ársbyrjun 2007 þegar hún fór af stað.

Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hefur farið lítilla lækkingu og nam árið 2016 um 40% stöðugildi en var um hálf starf í upphafi. Á árinu 2012 varð nokkur breyting á úthlutunarreglum Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar. Í stað þess að úthluta ákveðnum fjölda viðtala var úthlutað ákveðinni upphæð og viðtöl flokkuð í nokkra verðflokka. Fjöldi viðtala ræðst svo af verði þeirra. Við úthlutun frá Fræðslusjóði í upphafi árs fékk Fræðslumiðstöð Vestfjarða kr. 5,5 mkr. Fjöldi viðtala á árinu 2016 var 403 samanborett við 406 árið áður. (18. mynd).

Viðtölin 2016 skiptust þannig eftir kynjum að karlar voru 223 (188 árið áður) og konur 180 (218 árið 2015).



### 3.4 Raunfærnimat

Á árinu 2016 voru í gangi 5 verkefni í raunfærnimati á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Fræðslumiðstöðin sá alfarið um 1 verkefni, en í 4 verkefnum sáu aðrir fræðsluaðilar um sjálft matið (voru framkvæmdaraðilar), en Fræðslumiðstöðin alveg um undirbúning. Átján þátttakendur voru samtals í öllum verkefnum og luku þeir 612 einingum (3. tafla).

3. Tafla. Verkefni í raunfærnimati árið 2016.

Samkvæmt samningi dags. 18.1.2016.	Grein	Framkvæmdar- aðili	Fjöldi staðinna eininga
	Fiskvinnsla (1 einstaklingur)	Farskólinn	82
	Iðngreinar (3 einstaklingar)	Iðan	246
	Skipstjórn (11 einstaklingar)	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	176
	Aðrar starfsgreinar (2 einstaklingar (tölvur og tanntækni))	Starfsmenn, Framvegis	108
	Almennar bóklegar greinar (1 einstaklingur)	Mímir	hæfniprepi 2 í íslensku og ensku

### 3.5 Frístundafiskimenn

Siglingastofnun og bátaleigur á Vestfjörðum leituðu árið 2011 til Fræðslumiðstöðvarinnar um gerð námsefnis fyrir erlenda frístundafiskimenn og um að taka þá í próf, sem ekki hafa tilskilin réttindi. Fræðslumiðstöðin réði Guðbjörn Pál Sölvason skipstjóra til verksins og veitti Siglingastofnun honum réttindi prófdómara í skemmtibáta- og smáskipaprófum. Tók hann saman námsefni í skipstjórnarfræðum á þremur tungumálum og setti á vef, sem gerður var af Magnúsi Hávarðssyni hjá Styx ehf. Er slóðin á vefinn <http://www.plato.is/> Námsefnið var samkvæmt *námsskrá um skírteini til skipstjórnar á frístundafiskiskipum*, frá apríl 2011. Vaxtarsamningur Vestfjarða og bátaleigur styrktu verkefnið.

Skipstjórar á frístundafiskibátum verða að hafa tilskilin skipstjórnarréttindi eða gangast undir próf hjá Fræðslumiðstöðinni. Standist þeir prófið fá þeir tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð nr. 1005/2010 um frístundafiskiskip og öryggi þeirra og námsskrá. Til að undirbúa sig fyrir prófið geta þeir gert það á vefnum. Sumarið 2016 var fimmta sumarið með þessu fyrirkomulagi.

Sumarið 2016 gengust 143 (126 árið 2015) af 10 þjóðernum undir próf. Voru prófin haldin á 5 stöðum frá apríl til september. Eins og fyrri ár voru flestir próftakar frá Þýskalandi (102) og flest próf voru tekin í ágúst (43). Nánari skipting próftaka eftir mánuðum og þjóðernum er sýnd á 19. og 20. mynd.



### 3.6 Próftaka og samstarf við aðra

Allnokkrir nemar á háskólastigi og til undirbúnings háskólanámi hafa fengið að taka próf hjá Fræðslumiðstöðinni. Hefur þetta einkum verið á Patreksfirði og Hólmavík samkvæmt samningi við Háskólasetur Vestfjarða. Alls tóku 35 nemendur 88 próf hjá miðstöðinni á árinu 2016 (53 nemendur, 146 próf árið 2015), þar af 21/45 (24/66) á Patreksfirði, 11/40 (24/65) á Hólmavík og 3/3 (5/15) á Ísafirði.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur ekki auglýst húsnæði sitt til afnota fyrir utanaðkomandi aðila, enda er stefna miðstöðvarinnar að vera ekki í samkeppni um útleigu húsnæðis við aðila á svæðinu sem eru með slíkan rekstur. Fræðslumiðstöðin hefur þó leigt aðilum í Vestrahúsinu húsnæði til kennslu. eru það einkum Háskólasetur Vestfjarða, Rauði krossinn, Starfsendurhæfing Vestfjarða og Vinnumálastofnun, sem nýtt hafa sér kennsluáðstöðu hjá Fræðslumiðstöðinni.

Auk ofantaldara eru helstu samstarfaðilar aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fisktækniskóli Íslands og Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ). Samstarf við MÍ er m.a. fólgið í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi. Guðbjörn Páll Sölvason verkefnastjóri sjódeildar Fræðslumiðstöðvarinnar er annar tveggja aðalkennara í skipstjórnarnámi skólans. Verðandi nemendur í skipstjórnarnámi gefst kostur á að gangast undir raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöðinni. Þá eiga MÍ og Fræðslumiðstöðin í samstarfi um viðbótarnám í vélgæslu.

### 3.7 Greining fræðsluþarfa (MARKVISS)

Fræðslumiðstöðin hefur heimild til að nota svokallað *Markviss* greiningarkerfi til að meta fræðsluþarfir hjá fyrirtækjum og stofnunum. Miðstöðin hefur þrjá þjálfaða leiðbeinendur. Árið 2016 vann miðstöðin að greiningu fræðsluþarfa og gerð símenntunaráætlunar með tveimur sveitarfélögum; Bolungarvík og Reykhólahreppi og einu fyrirtæki; Íslandssögu á Suðureyri. Voru verkefni styrkt af starfsmenntasjóðum undir yfirskriftinni Fræðslustjóri að láni. Fleiri slík verkefni eru í undirbúningi og er stefnt að því að framkvæma þau árið 2017.

### 3.8 Gæðamál

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur verið með EQM gæðavottunin (European Quality Mark) frá árinu 2013. Þá er Fræðslumiðstöðin einnig vottaður fræðsluáðili af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Umsjón með gæðamálunum hefur Emilía Dagný Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri.

### 3.9 Nýsköpun og þróun

Engin nýsköpunar- eða þróunarverkefni voru á árinu, en stefnt er að þeim á árinu 2017 með erlendu samstarfi.

### 3.10 Sjávarútvegsskóli Ísafjarðar

Sjávarútvegsskóli Ísafjarðarbæjar er samstarfsverkefni Vinnuskólans, Fræðslumiðstöðvarinnar, fyrirtækja og áhugamanna um nám í sjávarútvegi. Hann er settur upp að austfirskri fyrirmynd



og er hlutverk hans að kynna fyrir ungu fólki sjávarútveginn og þá möguleika sem felast í þessari tæknivæddu atvinnugrein og í tengslum við hana.

Skólinn stóð yfir vikuna 20. -24. júní, alls 40 kennslustundir. Aðalkennari var Kolbrún María Elfarsdóttir sjávarútvegsfræðingur. Stýrihóp um verkefnið skipuðu þau Anton Helgi Guðjónsson, Esther Ósk Arnórsdóttir og Guðbjörn Páll Sölvason.

Skólinn var fullsetinn, en hámark var sett við 20 nemendur. Nemendur voru á aldrinum 14-15 ára og störfuðu í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar, en Sjávarútvegsskólinn er einskonar deild innan hans. Nemendur fengu greidd laun frá Vinnuskólanum. Kolbrún María var á launum hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf við kennsluna. Esther Ósk var á launum hjá Ísafjarðarbæ og Guðbjörn Páll hjá Fræðslumiðstöðinni. Átta fyrirtæki styrktu skólann um 50 þúsund krónur hvert. Fræðslumiðstöð Vestfjarða lagði til aðstöðu, bókhald og annað utanumhald.

Nemendur í Sjávarútvegsskólanum eru ekki í markhópi Fræðslumiðstöðvarinnar. Hins vegar fellur hugmyndin vel að því að styrkja undirstöðuatvinnuveg Vestfirðinga og um leið byggðina og vildi miðstöðin gjarnan leggja sitt af mörkum til verkefnisins. Að verkefninu loknu var það mat samstarfsaðila að mjög vel hefði tekist til og stefnt að því að endurtaka verkefnið að ári.

### **3.11 Áttin**

Áttin er sameiginleg vefgátt fyrir átta fræðslu- og starfsmenntasjóði þar sem fyrirtæki geta sótt um styrki á einum stað fyrir starfsfólk sitt þótt það eigi aðild að mismunandi sjóðum. Sjóðirnir sem standa að Áttinni eru IDAN fræðslusetur, Landsmennt, Menntasjóður Verkstjórásambandsins og SA, Rafiðnaðarskólinn, Sjómennt, Starfsafl, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóður verslunarinnar. Ætla má að sjóðirnir nái til um 110-120 þúsund starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum eða um 75-80% starfsmanna á þeim vinnumarkaði.

Áttin samdi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um að kynna vefgáttina fyrir fyrirtækjum á Vestfjörðum sem málið varðar. Var samið um að fulltrúi Fræðslumiðstöðvarinnar heimsækti 34 fyrirtæki á árinu og var það gert. Fulltrúi Fræðslumiðstöðvarinnar í þessu verkefni var Sigurborg Þorkelsdóttir.



### 3.12 Fjárhagsleg afkoma

Rekstrartekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á árinu 2016 voru 93,6 mkr. samanborið við 92,8 milljónir árið 2015. Rekstrargjöld voru um 91,3 mkr. en 100,1 milljónir árið 2015. Rekstrarniðurstaða fyrir utan fjármagnsliði og afskriftir var því jákvæð um 1,7 mkr. (um 1,8%) en neikvæð um 7,3 mkr. árið 2015 (um -7,9%). Á 21. mynd eru sýndar tekjur og gjöld Fræðslumiðstöðvarinnar frá upphafi (EBITA). Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða og afskrifta var jákvæð um 1,3 mkr. Á 22. mynd eru rekstrarniðurstöður árána 2000 – 2016 sýndar framreiknaðar miðað við vísutölu neysluverðs í desember 2016.

Samsetning tekna var þannig árið 2016 að af fjárlögum komu 19,5 mkr. (20,8%), viðbótarframlag af fjárlögum komu 4,8 mkr. (5,1%) en ráðneytið veitti viðbótastyrk til að efla framhaldsfræðslu, frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins) komu 26,1 mkr. (27,9%), þar af komu 18,7 mkr. til kennslu vottaðra námsleiða (20,0%) og 7,4 mkr. til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats (7,9%), til sérverkefna komu 6,1 mkr. (6,6%) (íslenska fyrir útlendinga (3,1 mkr.) og samningur við Fjölmenn (3,0 mkr)), þáttökugjöld voru 23,8 mkr. (25,5%) og aðrar tekjur voru 12,8 mkr. (13,7%). Á 23. mynd er sýnd hlutfallsleg samsetning tekna árið 2016 og meðalsamsetning árin 2009 – 2016.

Rekstrargjöld skiptust þannig að laun og launatengd gjöld voru 48,9 mkr. (53,5%), kennsla og ráðgjöf 25,2 mkr. (27,6%) og önnur gjöld 17,3 mkr. (18,9%). Á 24. mynd er sýnd hlutfallsleg sundurliðun gjalda árin 2007 til 2016.

Viðbótarstyrkur ráðuneytisins upp á 4,8 milljónir króna var notaður í rekstur Fræðslumiðstöðvarinnar. Hefði þessi styrkur ekki verið veittur væri áframhaldandi taprekstur. Þessi styrkur skipti sköpum í rekstri framhaldsfræðslu á Vestfjörðum.

Samanburður á rekstrarniðurstöðum og fjárhagsáætlun eru í 4. og 5. töflu.

4. tafla Tekjur. Áætlun og niðurstöður 2016.

Þættir	Krónur	
	Áætlun	Niðurst.
Framlag af fjárlögum	19.500.000	19.500.000
Viðbótarframlag		4.800.000
Samningur um kennslu vottaðra námsleiða	18.900.000	18.900.000
Samningur um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat	7.887.000	7.887.000
Styrkur til íslenskukennslu	3.600.000	3.135.000
Styrkur frá Fjölmenn	3.000.000	3.000.000
Þáttökugjöld	19.194.950	21.922.077
Þróunarstyrkir	2.500.000	500.000
Markviss	1.275.000	1.686.420
Aðrar tekjur	5.650.000	12.295.385

5. tafla Gjöld. Áætlun og niðurstöður 2016.

Þættir	Krónur	
	Áætlun	Niðurst.
Laun og launakostnaður fastra starfsmanna	44.000.000	48.853.606
Laun verkefnaráðinnna kennara og ráðgjafa	21.452.500	20.123.957
Yfirstjórn og annar kostnaður	6.000.000	11.328.918
Rekstur starfsstöðva	6.000.000	6.886.940
Auglýsingar (nettó)	750.000	1.901.261
Þróunarverkefni	1.000.000	
Markviss	0	142.505
Annar kostnaður	1.660.000	2.085.088



4. tafla Tekjur. Áætlun og niðurstöður 2016.

Þættir	Krónur	
	Áætlun	Niðurst.
Framlag af fjárlögum	19.500.000	19.500.000
Viðbótarframlag		4.800.000
Samningur um kennslu vottaðra námsleiða	18.900.000	18.900.000
Samningur um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat	7.887.000	7.887.000
Styrkur til íslenskukennslu	3.600.000	3.135.000
Styrkur frá Fjölmenn	3.000.000	3.000.000
Þátttökugjöld	19.194.950	21.922.077
Þróunarstyrkir	2.500.000	500.000
Markviss	1.275.000	1.686.420
Aðrar tekjur	5.650.000	12.295.385
<b>Alls tekjur</b>	<b>81.506.950</b>	<b>93.625.882</b>

5. tafla Gjöld. Áætlun og niðurstöður 2016.

Þættir	Krónur	
	Áætlun	Niðurst.
Laun og launakostnaður fastra starfsmanna	44.000.000	48.853.606
Laun verkefnaráðinnna kennara og ráðgjafa	21.452.500	20.123.957
Yfirstjórn og annar kostnaður	6.000.000	11.328.918
Rekstur starfsstöðva	6.000.000	6.886.940
Auglýsingar (nettó)	750.000	1.901.261
Þróunarverkefni	1.000.000	
Markviss	0	142.505
Annar kostnaður	1.660.000	2.085.088
<b>Gjöld alls</b>	<b>80.862.500</b>	<b>91.322.275</b>





## 4 Áætlun um rekstur og breytingar á efnahag ásamt starfaáætlun fyrir árið 2017

Áætlun þessi var samþykkt á stjórnarfundum 27. febrúar 2017 og send mennta- og menningarmálaráðuneytinu samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum, dags. 18. desember 2014, grein 4.2.1.

### 4.1 Starfsmarkmið fyrir árið 2017

Á árinu 2017 setur Fræðslumiðstöð Vestfjarða sér að ná eftirtöldum markmiðum í starfsemi sinni.

- Heildartekjur verði umfram heildargjöld.
- Fjöldi nemendastunda í vottuðum námsleiðum, íslensku fyrir útlendinga og námi fyrir fatlaða verði  $\geq 19.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 11.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 2.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 1.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 5.000$ .
- Fjöldi nemendastunda í öðru námi verði  $\geq 10.500$ 
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 7.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 2.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 500$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 1.000$ .
- Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa verði  $\geq 400$ .
- Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í fisktækni verði  $\geq 25$ .
- Þátttakendur í raunfærnimati verði frá öllum svæðum Vestfjarða.
- Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati sem teknar verða hjá öðrum fræðsluaðilum verði  $\geq 350$ .
- Fjöldi frístundafiskimanna í próftaka verði  $\geq 155$
- Fjöldi útseldra klukkustunda í fræðslugreiningum (MARKVISS) verði  $\geq 180$ .
- Fræðslumiðstöðin hefji kennslu í fiskeldi á framhaldsfræðslustigi haustið 2017.
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða verði leiðandi aðili í að minnsta kosti einu þróunarverkefni.

### 4.2 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun byggir á þeim starfsmarkmiðum sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sett sér á árinu 2017 og þeim forsendum sem fyrir þeim liggja.

Fyrsta janúar 2017 voru fastir starfsmenn 8 í um að bil 5,8 stöðugildum. Reiknað er með að á árinu bætist við 1 stöðugildi. Miðstöðin mun þó áfram reka mannaðar starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum.

Heildartekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 201 eru áætlaðar um 100,6 milljónir króna og heildargjöld um 98 milljónir króna. Líkt og undanfarin ár er framhaldsfræðsla og annar rekstur aðskilinn í fjárhagsáætlun.





Nánari sundurliðun er í meðfylgjandi töflum (1. og 2. tafla). Þar sem hvorki er gert ráð fyrir tækjakaupum eða fjárfestingum á árinu 2017 og þar sem miðstöðin skuldar ekkert, sýnir taflan jafnframt áætlaðar breytingar á efnahag miðstöðvarinnar árið 2017.

1. tafla. Áætlaðar tekjur árið 2017.

Framhaldsfræðsla		Annar rekstur		Samtals
Tekjur	Krónur	Tekjur	Krónur	
Framlag af fjárlögum	25.000.000	Námskeiðsgjöld af tómstunda- og endurmenntunarnámi	9.000.000	
Samningur um kennslu vottaðra námsleiða	19.440.000	Námskeiðsgjöld af réttindanámi	6.075.000	
Samningur um náms- og starfsráðgjöf	6.092.000	Próf fyrir frístundafiskimenn	2.015.000	
Raunfærnimat	4.511.600	Kennsla fyrir grunnskóla	600.000	
Styrkur ráðuneytis til íslenskukennslu	3.600.000	Markviss ráðgjöf	2.520.000	
Greiðsla þátttakenda á íslenskunámskeiðum	5.605.200	Styrkir til þróunarstarfa	2.000.000	
Greiðsla þátttakenda í vottuðum námsleiðum	4.000.000	Þjónusta við fjarnema	1.800.000	
		Útleiga á húsnæði og búnaði	500.000	
Aðrar tekjur	2.500.000	Aðrar tekjur	2.150.000	
Kennsla fatlaðra	3.200.000			
<b>Tekjur alls - framhaldsfræðsla</b>	<b>73.948.800</b>	<b>Tekjur alls - annar rekstur</b>	<b>26.660.000</b>	<b>100.608.800</b>

2. tafla. Áætluð gjöld árið 2017.

Framhaldsfræðsla		Annar rekstur		Samtals
Gjöld	Krónur	Gjöld	Krónur	
Laun fastra starfsmanna	38.435.294	Laun fastra starfsmanna	15.564.706	54.000.000
Laun verkefnaráðinna kennara	15.265.000	Laun verkefnaráðinna kennara	7.035.000	22.300.000
Fjarfundabúnaður	1.800.000			1.800.000
Rekstur starfsstöðva	5.600.000	Rekstur starfsstöðva	1.400.000	7.000.000
Ferðalög starfsmanna og kennara	640.000	Ferðalög starfsmanna og kennara	160.000	800.000
Auglýsingar (nettó)	1.425.000	Auglýsingar (nettó)	475.000	1.900.000
Yfirstjórn og annar kostnaður	4.800.000	Yfirstjórn og annar kostnaður	1.200.000	6.000.000
Ráðgjöf og raunfærnimat	3.500.000			3.500.000
		Þróunarstörf	500.000	500.000
		Markviss	250.000	250.000
<b>Gjöld alls - framhaldsfræðsla</b>	<b>71.465.294</b>	<b>Gjöld alls - annar rekstur</b>	<b>26.584.706</b>	<b>98.050.000</b>

<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>2.413.506</b>	<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>75.294</b>	<b>2.488.800</b>
----------------------------	------------------	----------------------------	---------------	------------------



## 4.3 Framhaldsfræðsla

### 4.3.1 Vottaðar námsleiðir

Framlög Fræðslusjóðs til kennslu vottaðra námsleiða árið 2017 er 19.440 þúsund krónur. Áætlað er að kenna 10 námsleiðir í 16 hópum; samtals 1.245 kennslustundir. Reiknað er með að meðaltali rúmlega 10 þátttakendum í hverjum hópi. Áætlað er með að 5 námsleiðanna verði fjarkenndur eða kenndur í dreifnámi.

Í 3. töflu er sýnt hvaða námsleiðir er fyrirhugað að kenna og hvernig þær skulu dreifast á annir.

3. tafla. Vottaðar námsleiðir sem áætlað er að kenna árið 2017.

Námsleið	Hópar	Staður	Kest í heild	Kent	VÖ17	HÖ17	Alls Kest
Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk	2	Óstaðsett	75	Öll		150	150
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnsluf. Hólm.	1	Hólmavík	75	S.hl.	36		36
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnsluf. JV1a	1	Bolungarvík	75	Öll	75		75
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnsluf. JV1a	1	Bolungarvík	75	Öll	75		75
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnsluf.JV2	1	Bolungarvík	75	S.hl.	12		12
Landnemaskóli II	1	Óstaðsett	120	Öll		60	60
Landnemaskólinn Hópur 1	1	Suðureyri	120	S.hl.	120		120
Landnemaskólinn Hópur 2	1	Suðureyri	120	S.hl.	120		120
Meðferð matvæla	1	Fjarkennt	60	S.hl.	32		32
Nám og þjálfun í almennum bókleg. gr.	1	Fjarkennt	300	F.hl.		100	100
Opin smiðja - FabLab	1	Ísafjörður	120	Öll		60	60
Skrifstofunám	1	Fjarkennt	240	S.hl.	90		90
Sterkari starfsmaður	1	Ísafjörður	150	Öll	150		150
Stuðningsfulltrúabrá 50 ein.	1	Fjarkennt	630	4. hl.	135		135
Þjónustuliðar - grunnnám	1	Reykhólar	60	Öll		30	30
<b>Alls kennsla</b>	<b>16</b>		<b>1.815</b>		<b>845</b>	<b>400</b>	<b>1.245</b>

### 4.3.2 Náms- og starfsráðgjöf

Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar á árinu 2017 er 5.460 þúsund krónur auk 632 þúsund krónur í akstur og ferðalög. Áætlað er að þetta dugi fyrir hið minnsta 400 viðtölum.

### 4.3.3 Raunfærnimat

Framlag Fræðslusjóðs til raunfærnimats á árinu 2017 er samtals kr. 3.998.500 og skiptist þannig á greinar:

- Fiskvinnsla og fiskeldi kr. 3.705.000
- Iðngreinar í samstarf við IÐUNA kr. 293.500

Af árinu 2016 voru færðar kr. 513.100 til raunfærnimats, þannig að samtals til raunfærnimats á árinu 2017 eru 4.511.600 krónur.



Áætlaður fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í fisktækni er a.m.k. 25 og áætlaður staðinn einingafjöldi í öðru raunfærnimati a.m.k. 350.

#### **4.4 Íslenska fyrir útlendinga**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gerir ráð fyrir að kenna 24 námskeið í íslensku fyrir útlendinga á árinu 2017. Hvert námskeið er 30 kennslustundir og er gert ráð fyrir 9 þátttakendum á hverju námskeiði.

#### **4.5 Samstarf við Fjölmennt**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur í mörg ár verið í samstarfi við Fjölmennt – símenntun og þekkingarsetur um kennslu og þjónustu við fólk með fötlun. Hefur Fjölmennt veitt styrki til þeirrar kennslu.

Á árinu 2017 er áætlað að kenna fólki með fötlun 100 stundir að að fjöldi þátttakenda verði 70. Að auki er fyrirhugað að nota hluta af framlagi Fjölmenntar til að greiða fyrir nám með stuðningi.

#### **4.6 Þróunarverkefni**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur skrifað 4 námsskrár fyrir ófaglærða starfsmenn í fiskeldi. Ein námsskráin er kjarni fyrir hinar, en þær eru í seiðaeldi, landeldi og sjókvíaeldi. Námsskrárnar voru skrifaðar í samstarfi við fiskeldisfyrirtæki, Landssamband fiskeldisstöðva, Fisktækniskóla Íslands og fleiri aðila. Nú er verið að ljúka við að setja þær inn í námsskrár grunn Menntamálastofnunar og er stefnt að því að hefja kennslu þeirra haustið 2017.

Að öðru leyti er e Fræðslumiðstöð Vestfjarða ekki þátttakandi í neinu þróunarverkefni, en gert er ráð fyrir að miðstöðin verði leiðandi aðili í að minnsta kosti einu innlendu þróunarverkefni á árinu 2017 og helst þátttakandi í einu alþjóðlegu verkefni.

#### **4.7 Fræðslugreiningar**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður fyrirtækjum og stofnunum aðstoð við greiningu fræðsluþarfa og notar til þess greiningarkerfið MARKVISS. Verkefnin eru styrkt af starfsmenntasjóðum undir heitinu *Fræðslustjóri að láni*. Er reiknað með fjórum slíkum verkefnum árið 2017 og að útseld vinna verði a.m.k. 17-80 klukkustundir.

#### **4.8 Önnur starfsemi**

Gert er ráð fyrir að önnur starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verði með hefðbundnum hætti árið 2017.

Áætlað er að kenna 600 stundir í almennum námskeiðum (tómstundir og endurmenntun) og 405 stundir í réttindanámi (smáskipanám, nám til undirbúnings skemmtibátaprófi, vélgæsla og viðbótarnám í vélgæslu). Þá verður svæðisleiðsögunámi framhaldið.

Auk þessa verður áfram boðið uppá próftöku til skemmtibátaréttinda og próf fyrir frístundafiskimenn.



Árið 2016 hóf Fræðslumiðstöðin samstarf við Ísafjarðarbæ og sjávarútvegsfyrirtæki í sveitarfélaginu um rekstur sjávarútvegsskóla fyrir fólk á vinnuskólaaldri. Stóð skólinn í eina viku. Reiknað er með að skólinn verði rekinn í 2 vikur sumarið 2017.

#### **4.9 Samstarf**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á í samstarfi við ýmsa aðila, bæði innan héraðs og utan. Má þar helst nefna samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði um skipstjórnarnám til A og B réttinda, nám í málmsuðu og viðbótarnám í vélgæslu. Samstarf við Tækniskóla Íslands um skipstjórnarnám til smáskipa- og skemmtibátaréttinda og samstarf við Leiðsöguskóla Menntaskólans í Kópavogi um svæðisleiðsögunám.

Auk þessa vinnur Fræðslumiðstöðin náið með mörgum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum á Vestfjörðum að sí- endurmenntun starfsfólks.


#### **4.10 Lokaorð**

Með samantekt þessari leggur Fræðslumiðstöð Vestfjarða drög að starfsemi ársins 2017. Þar sem samantektin er unnin samkvæmt ákvæðum samnings, sem grundvallaður er á lögum um framhaldsfræðslu er megin áhersla í samantektinni á þau áform sem miðstöðin hefur á sviði framhaldsfræðslunnar.


Fræðslumiðstöð Vestfjarða stendur þó fyrir margvíslegri annarri starfsemi, sem nokkur grein er gerð fyrir í þessari samantekt. Flest af þeirri starfsemi gagnast markhópi framhaldsfræðslunnar, þótt það sé í boði fyrir alla, óháð fyrra námi.




## 5 Myndræn framsetning




1. mynd. Fjöldi starfsmanna og stöðugildi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2016. Tölur eiga við árslok hvers árs.




2. mynd. Fjöldi kennslustunda hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2016.




3. mynd. Hlutfallslegur fjöldi kennslustunda í meginflokkum náms árið 2008 – 2016.



4. mynd. Fjöldi nemendastunda hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2016.




5. mynd. Fjöldi nemendastunda hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2009 – 2016 í fjórum meginflokkum náms.




6. mynd. Hlutfallsleg skipting nemendastunda hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2009 – 2016.







7. mynd. Fjöldi nemendastunda í vottuðu námi árin 2008 – 2016




8. mynd. Fjöldi námshópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2016.




9. mynd. Meðalfjöldi í hópum árin 2000 – 2016.




10. mynd. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2016.




11. mynd. Samanlagður fjöldi þátttakenda í íslensku fyrir útlendinga 2000 – 2016.




12. mynd. Samanlagður fjöldi þátttakenda árin 2000 – 2016.




13. mynd. Dreifing þátttakenda á námskeiðum árið 2016 eftir póstnúmerum.




14. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda árið 2016.




15. mynd. Fjöldi þátttakenda sem hlutfall af íbúafjölda á svæðum árið 2012 – 2016.




16. mynd. Hlutfallsleg aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum árið 2016 og meðaltal árunna 2003 – 2016.




17. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum árin 2001 – 2016.



18. mynd. Fjöldi viðtala náms- og starfsráðgjafa 2007 – 2016.




19. mynd. Fjöldi próftaka til réttinda frístundaskipstjóra eftir árum 2012-2016.




20. mynd. Fjöldi próftaka til réttinda frístundaskipstjóra eftir mánuðum 2012-2016.







21. mynd. Heildartekjur og gjöld hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2016 (EBITA).



22. mynd. Framreiknaðar tekjur og gjöld miðað við vísitölu neysluverðs í desember 2016.



23. mynd. Hlutfallsleg samsetning tekna árið 2016 og meðaltal árána 2009 – 2016.



24. mynd. Hlutfallsleg skipting gjalda árin 2007 – 2016.